

77. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 17. janúar 2006, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Emil Guðbjörnsson, Helgi B. Haraldsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði, og óskaði fundarmönnum gleðilegs árs.

Dagskrá:

- 1) Ægir B. Jóhannesson óskar eftir leyfi til að byggja við húsið að Skólástíg 18, sbr. teikningar frá verkfræðistofu EK október 2005. Samtals 47,3m², 160,8 m³.
Erindið var í grenndarkynningu til 27. desember s.l. Athugasemd barst frá Erlendi Jónssyni og Hönnu Maríu Siggeirsdóttur eigendur fasteignarinnar að Skólástíg 17.
Nefndin telur að athugasemdir um útsýnisskerðingu sé ekki nægileg forsenda til að hafna viðbyggingu. Byggingarleyfisumsókn samþykkt. Gjöld samtals kr.
- 2) Skeljungur hf. sækir um lóð undir sjálfsafgreiðslu- eldneftisstöð við Aðalgötu. Erindi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Einnig lögð fram deiliskipulagstillaga.
Nefndin mælir með að deiliskipulagstillaga verði samþykkt.
- 3) Sæþór Þorbergsson og Steinunn Helgadóttir sækja um að byggja sólstofu við Vallarflöt nr. 1 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK, des. 2005. Samtals 21,4 m², 52,0 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
- 4) Jón P. Hjaltalín og Edda Sóley Kristmannsdóttir sækja um leyfi til afnot af landi til að staðsetja þegar byggðan hundakofa 50 cm út fyrir lóðarmörk ásamt girðingu 5m út fyrir lóðarmörk.
Samþykkt að umsækjendur færi hundakofa og girðingu inn fyrir lóðarmörk.
- 5) Guðný Pálsdóttir og Gunnar Jónsson óska eftir lóðarstækkun að Bókhöndustíg 15, sbr. bréf dags. 13.12. 2005.
Byggingarfulltrúa falið að gera tillögu að lóðarstærð.
- 6) Ragnar Logi Magnason, Ægisgötu 2 óskar eftir að kannaðir verði möguleikar á hraðahindrun við Ægisgötu, sbr . bréf dags. 19. nóvember 2005.
Erindi vísað í heildarskoðun á umferðarmálum í Stykkishólmi.

- 7) Skipavík ehf /Sigurjón Jónsson sækir um að byggja verslunarhúsnæði við Aðalgötu 24, samkvæmt teikningum frá Kjartani Rafnssyni dags. 8.12.'05. Samtals 453 m², 2015 m³
Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar. Þar með fellur fyrri samþykkt úr gildi. Gjöld samtals
- 8) Deiliskipulagstillaga af íbúðarhúsnæði við Tjarnarmýri dags 17.01.06.
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillaga verði samþykkt. Emil Guðbjörnsson var á móti.
- 9) Deiliskipulagstillaga af verslunar- og þjónustusvæði við Aðalgötu/tjaldstæði.
Tillaga lögð fram til kynningar.
- 10) Deiliskipulagstillaga við Nesveg á hafnarsvæði.
Nefndin leggur til að unnið verði áfram með tillögu T 1. Leitað verði umsagnar hafnarnefndar.
- 11) Erindi Hesteigendafélags Stykkishólms, dags. 21.12.2005 varðandi umsókn um lóð fyrir reiðskemmu. Erindi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.
Tekið er jákvætt í byggingu reiðhallar. Nefndin er tilbúin til viðræðna um staðsetningu.
- 12) Nesvegur 2. lóðarbreyting. Tillaga að fyrirhugaðri lóðarbreytingu lögð fram.
Erindi samþykkt.
- 13) Fyrirspurn frá Róberti A. Stefánssyni og Menju von Schmalensee um að byggja bílskúr og viðbyggingu við Vikurflöt nr. 8, sbr. tillöguteikningar og bréf dags. 16.01.06.
Tekið er jákvætt í erindið. Grenndarkynna þarf byggingarleyfisumsókn.
- 14) Fyrirspurn frá Hjálmdísi B. Bergmannsdóttur og Daða H. Sigurþórssyni um hvort leyfi fengist fyrir niðurrifi á húseigninni við Reitarveg 4 og að byggja nýtt hús í staðinn, sbr. bréf dags. 17.01.2006.
Nefndin setur sig ekki gegn því að rífa húsið að undangenginni umsög frá Húsfriðunarnefnd Ríkisins. Nefndin setur sig ekki á móti að byggt verði á lóðinni. Óskað er eftir tillögum.
- 15) Sumarbústaðir ehf./ Þórarinn Sighvatsson óskar eftir útlitsbreytingum á húsum við Tjarnarás 1 og 3 sbr. tillöguteikningu.
Erindi samþykkt.
- 16) Sumarbústaðir ehf./ Þórarinn Sighvatsson óskar eftir lóðarstækkun að Aðalgötu 28, sbr. tillöguteikningu.
Erindi frestað. Skoðað verði að deiliskipuleggja svæðið.

- 17) Fyrirspurn frá Kristjáni Lár Gunnarssyni um að breyta sumarhúsi á svæði frístundarbyggðar í Stykkishólmi, í íbúðarhúsnæði (heilsárshús).
Erindi synjað, að íbúðarbyggð verði samþykkt á frístundarsvæði.
- 18) Orkuveita Reykjavíkur /Ferdinand Alfreðsson óskar eftir að gera gönguhurð á húsi RARIK að Hamraendum nr. 2, sbr. teikningu.
Bent er á að formlegt samþykki húseigenda þarf að liggja fyrir.
- 19) Önnur mál.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 20.10.

Guðmundur Kristinsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Helgi Haraldsson (sign)
Emil Guðbjörnsson (sign)
Gretar D. Pálsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)